

Söfnun vegna geðsjúkra

UM helgina 8.-10. október munu Kiwanis-menn selja K-lykilinn og rennur ágóðinn af sölu til Geðhjálpar, til að lagfæra og endurbæta húsnæði sem samtökin hafa nýlega fengið afhent. Þetta hús er á Túngötu 7 í Reykjavík og var á sínum tíma gefið ríkinu af Önnu G. Johnsen, ekkju Gísla Johnsens konsúls. Gjöfinni var ætlað að styrkja líknarstarf og á vegum Geðhjálpar ætti það að nýtast vel í því skyni. Þetta er mikið og reisulegt hús en hefur staðið ónotað um langa hríð og þarf á töluverðu viðhaldi að halda. Einnig þarf að breyta innréttingunum og lagfæra eitt og annað.



Sigríður
Kristinsdóttir

Geðhjálp, sem er styrktarsamtök geðsjúkra, hefur lengi verið í óruggu húsnæði sem ekki var til frambúðar. Nú fær félagið framtíðarhúsnæði. Þarna verður félagsmiðstöð fyrir geðsjúka og vinnustofur. Þar verða skrifstofur félagsins og fundaraðstaða og möguleiki á að koma upp þjónustumiðstöð. Húsið skapar glæsilega umgjörð fyrir áðurtalda og margháttada aðra starfsemi á vegum Geðhjálpar, undir því kjörorði að bera virðingu fyrir geðsjúkum.

Heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, afhenti Geðhjálp húsið formlega á mánudaginn var við hátíðlega athöfn. Þar voru

K-lykillinn verður seldur um helgina. Sigríður Kristinsdóttir minnir á að söluandvirðið gengur til Geðhjálpar til að endurbæta hús samtakanna að Túngötu 7.

einnig viðstaddir Páll Pétursson félagsmálaráðherra og Geir Haarde fjármálaráðherra. Var það stórkostleg stund fyrir Geðhjálp. Þegar hefur verið hafist handa við framkvæmdir. Geðhjálp hefur fengið framlag úr framkvæmdasjóði fatlaðra til lagfæringanna en samt vantar mikið á að endar nái saman. Kiwanis-menn hafa löngum veitt geðsjúkum góðan stuðning og ætla að gera það enn einu sinni um helgina með því að selja K-lykilinn svonefnda, eins og fyrr var nefnt. Það er von okkar í stjórn Geðhjálpar að landsmenn taki þeim vel að þessu sinni því málefnið, að styrkja geðsjúka, er mjög brýnt.

Höfundur er sjúkralíði og situr í stjórn Geðhjálpar.